

Samkeppnisstefna Regins hf. og dótturfélaga

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) er fasteignafélag í dreifðu eignarhaldi og er skráð í Kauphöll Íslands. Félagið leggur metnað sinn í að uppfylla ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. síðari breytingar, en lögin gegna þýðingarmiklu hlutverki við að tryggja virka og heilbrigða samkeppni. Reginn einsetur sér að ástunda heilbrigða og virka samkeppnishætti í allri starfsemi félagsins en það hefur sýnt sig að skilvirk samkeppni skilar mestum ávinningi fyrir samfélagið.

Með samkeppnisstefnu þessari vill Reginn tryggja að samstæðan starfi ávallt á grundvelli heiðarlegrar samkeppni sem stunduð er í samræmi við samkeppnislög. Stjórnendur sjá til þess að starfsmenn fái fræðslu um helstu lög og reglur sem gilda í samkeppnismálum og einnig um þær skyldur sem hvíla á félaginu, stjórnendum og starfsmönnum.

Reginn tileinkar sér góða viðskiptahætti í samræmi við lög og reglur til að fyrirbyggja háttsemi sem gæti brotið gegn samkeppnislögum og þær alvarlegu afleiðingar sem slíkt hefði í för með sér. Ef upp koma tilvik sem gætu brotið í bága við ákvæði samkeppnislaga er brugðist hratt við og metið í samráði við lögfræðinga félagsins hvort slík tilvik eigi við rök að styðjast. Komi í ljós að samkeppnisbrot hafi átt sér stað innan starfsemi félagsins skal umsvifalaust upplýsa forstjóra um stöðu mála og í framhaldinu upplýsa viðeigandi lögbær yfirvöld þar um.

Samþykkt af stjórn Regins hf. þann 5. apríl 2022

Benedikt Olgeirsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson

